

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Langanes, frístundabyggð – nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 9. október 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Langanesbyggð, F1. Gildandi deiliskipulag fellur úr gildi með þessari gildistöku. Deiliskipulagið heimilar að byggja allt að 300 m² eða eitt frístundahús, gestahús, geymslu og gróðurhús. Mænishæð húsa getur verið allt að 5 m. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Traðarland – nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 9. október 2025 tillögu deiliskipulags við Traðarland 2, L223010. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir sex gestahúsum fyrir ferðamenn, hvert um sig 50 m² og mænishæð allt að 5,5 m. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 12. nóvember 2025.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,
Þóra Björg Ragnarsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 26. nóvember 2025